


Liko™ SafetyVest™ Gerð 93



Notkunarleiðbeiningar



Vörulýsing

Liko SafetyVest er vesti sem er ætlað til að lyfta í kringum bakið og undir handleggjum þegar farið er úr sitjandi í standandi stöðu. Að innan er það fóðrað með efni sem kemur í veg fyrir að vestið renni upp á líkamanum. Mittisbeltið, sem er saumað á vestið, hjálpar til við að forðast hættuna á að sjúklingur renni út úr úr-setu-í-stöðu vestinu.

Þú verður að nota samsetningu tveggja lykkja á hverjum krók þegar þú tengir vestið við lyftarann.

Liko SafetyVest er fánlegt í nokkrum mismunandi stærðum.

Liko SafetyVest er aðallega ætlað til notkunar með Sabina™ úr-setu-í-stöðu lyftara með mjóu herðatré (Sabina 350 SlingBar).

Ásamt Sabina úr-setu-í-stöðu lyftara myndar SafetyVest virka einingu. Til að fá fullar upplýsingar og besta árangur skal lesa notkunarleiðbeiningar fyrir báðar vörurnar.

Fullkominn skilningur á innihaldi þessara notkunarleiðbeininga er mikilvægur og aðeins starfsfólk sem er að fullu upplýst ætti að nota búnaðinn.





















Í þessu skjali er manneskjan sem verið er að lyfta kölluð sjúklingurinn og manneskjan sem hjálpar henni er kölluð umönnunaraðili.

MIKILVÆGT!

Lyfting og flutningur á sjúklingi felur alltaf í sér ákveðna áhættu. Lestu leiðbeiningarnar fyrir bæði sjúklingalyftarann og lyftingaraukabúnað fyrir notkun. Mikilvægt er að skilja til fullnustu innihald leiðbeininganna fyrir notkun. Eingöngu þjálfað starfsfólk á að nota búnaðinn. Gakktu úr skugga um að lyftingaraukabúnaður henti fyrir lyftarann sem verið er að nota. Sýndu gætni og varúð meðan á notkun stendur. Sem umönnunaraðili berð þú ávallt ábyrgð á öryggi sjúklingsins. Þú verður að vera meðvitaður/meðvituð um getu sjúklingsins til að takast á við lyftiaðstæðurnar. Ef eitthvað er óskýrt skaltu hafa samband við framleiðandann eða birgðasalann.

Lýsing á táknum

Þessi tákn er að finna í þessu skjali og/eða á vörunni.

Tákn	Lýsing
	Viðvörðun. Notað þar sem þörf er á sérstakri aðgát og umhyggju.
	Lestu notkunarleiðbeiningarnar fyrir notkun
	CE-merki
	Löglegur framleiðandi
	Framleiðsludagsetning
	Tilvísunarnúmer
	Raðnúmer
	Lækningatæki
	Ekki þurrhreinsa
	Ekki strauja
	Þurrkun í þurrkara
	Ekki þurrka í þurrkara
	Þvottur Táknið er alltaf með ráðlögðu hitastigi í °C og °F.
	Inniheldur ekki latex
	Reglubundin skoðun
	Ekki nota bleikiefni
	Látið þorna á snúru í skugga
	Snýr upp á við og tákn utan á búnaði.
	Tákn utan á búnaði.
	GS1 Gagnafylkisstrikamerki sem kann að innihalda eftirfarandi upplýsingar. (01) GTIN-númer (e. Global Trade Item Number) (11) Framleiðsludagsetning (21) Raðnúmer

Öryggisleiðbeiningar

Áður en þú lyftir skaltu hafa eftirfarandi atriði í huga:

- Ábyrg manneskja innan þinnar stofnunar ætti að ákveða á grundvelli hvers tilviks fyrir sig hvort þörf er á einum eða fleiri umönnunaraðilum.
- Tryggðu að valið vesti mæti þörfum sjúklingsins hvað varðar gerð, stærð, efni og hönnun.
- Af öryggis- og hreinlætiástæðum skal nota sérstök vesti fyrir hvern sjúkling.
- Skipuleggðu lyftiaðgerðina þannig að hægt sé að gera hana eins örugglega og hnökralaust og mögulegt er.
- Þrátt fyrir að Liko-herðatré séu búin krækjum verður að sýna sérstaka varúð. Áður en sjúklingnum er lyft af undirliggjandi fleti, en þegar ólarnar hafa verið teygðar út til fulls, skal ganga úr skugga um að ólarnar séu almennilega tengdar við króka herðatrésins.
- Hæðin sem lyftarinn ætti að fara í er breytileg frá manni til manns
- Aldrei skilja sjúkling eftir án eftirlits meðan á lyftivinnu stendur.
- Gakktu úr skugga um að hjólin á hjólastólum, rúminu, sjúkravagninum, o.s.frv., séu læst meðan á lyftingu/flutningi stendur.
- Alltaf skal vinna vinnuvistfræðilega. Notaðu getu sjúklingsins til að taka virkan þátt í aðgerðunum.

Lækningatæki í flokki I Vara

Breytingar á vöru

Liko vörurnar eru í stöðugri þróun, þess vegna áskiljum við okkur rétt til að gera breytingar á vöru án fyrirvara. Hafðu samband við fulltrúa Hill-Rom til að fá ráðleggingar og upplýsingar um uppfærslu á vörum.

Design and Quality by Liko in Sweden

Liko er gæðavottað samkvæmt ISO 9001 og jafngildi þess fyrir lækningatækjaiðnaðinn, ISO 9001 og jafngildi hans fyrir lækningatækjaiðnaðinn, ISO 13485. Liko er einnig vottað samkvæmt umhverfisstaðlinum ISO 14001.

Tilkynning til notenda og/eða sjúklinga innan ESB

Öll alvarleg atvik sem hafa átt sér stað í tengslum við búnaðinn, skal tilkynna framleiðandanum og lögbærum yfirvöldum í aðildarríkinu þar sem notandinn/sjúklingurinn býr.

Umhirða og viðhald

Athugaðu vestið fyrir hverja notkun. Athugaðu eftirfarandi atriði með tilliti til slits og skemmda:

- Efni
- Ólar
- Saumar
- Lykkjur

⚠ Notaðu ekki skemmda fylgihluti lyftingar.

Ef eitthvað er óskýrt skaltu vinsamlegast hafa samband við framleiðandann eða birgðasalann.

Þvottaleiðbeiningar: Sjá vörumerkimiða vestisins og viðhengdan viðauka „Umhirða og viðhald á Liko-vestum“.

Reglubundin skoðun

Vöruna þarf að skoða að lágmarki á sex mánaða fresti. Hugsanlega er þörf á tíðari skoðunum ef varan er notuð eða þvegin oft en vanalega. Hafðu samband við fulltrúa Hill-Rom til að fá verklýsingar.

Væntanlegur endingartími

Væntanlegur endingartími vörunnar er 1-5 ár meðan á eðlilegri notkun stendur. Væntanlegur endingartími er breytilegur eftir dúk, notkunartíðni, aðferð við þvott og borinni þyngd.

Leiðbeiningar um endurvinnslu


Alla hluti vestisins, þ.m.t. stoðir, hlífðarefni o.s.frv. skal flokka sem brennanlegan úrgang.

Hill-Rom metur og býður upp á tilsögn fyrir notendur sína um örugga meðhöndlun og förgun á búnaði sínum til að aðstoða við að koma í veg fyrir líkamstjón, þar með talið, en ekki takmarkað við: skurði, stungur á húðinni, skrámur, og alla hreinsun og sóttthreinsun á lækningabúnaðinum sem þörf er á eftir notkun og fyrir förgun. Viðskiptavinir skulu fara eftir öllum alríkis-, ríkis-, svæðis- og/eða staðarlögum og reglugerðum varðandi örugga förgun á lækningabúnaði og aukabúnaði.

Ef notandi búnaðarins er í vafa skal hann fyrst hafa samband við tækniþjónustu Hill-Rom til að fá leiðbeiningar um örugga aðferð við förgun.


Skilgreiningar

1. Ytra vesti
2. Merkimiði vöru
3. Stærð (litur)
4. Raðnúmer
5. Ól ytra vestis
6. Ól innra vestis
7. Lykkjuól
8. Neðri brún
9. Mittisbelti
10. Stýring innri ólar
11. Stýring ytri ólar
12. Merkimiði: Reglubundin skoðun
13. Merkimiði: Merki einstaklings (Tilheyrir)



Lýsing á virkni vestisólar

Ólar ytra vestis




Ytra vestið er búið tveimur vestisólum: ytri og innri ól, til að ná hámarksveigjanleika meðan á notkun standur. Yfirleitt skal nota innri ólina (A) til að fá mesta upprétta stöðu. Ytri ólin (B) er notuð þegar mittismál sjúklingsins útheimtir það, eða ef sjúklingurinn er stuttur miðað við hæð króka herðatrésins á Sabina úr-setu-í-stöðu lyftaranum.

Í tilfellum þegar innri ólin er notuð mælum við með að þú krækir einnig ytri ólinni við lyftarann til að hafa betri sjónræna stjórn á ólunum.

Lykkjuólar




Lykkjuklemmur



Þessi gagnlegi fylgihlutur er notaður til að merkja lykkjurnar sem hafa verið prófaðar fyrir ákveðna manneskju. Það auðveldar umönnunaraðilunum að velja rétta lykkju til að hengja við herðatréd.


Virk uppistandandi lyfting með Sabina úr setu-í-stöðu lyftara og Liko SafetyVest



Renndu SafetyVest fyrir aftan sjúklinginn niður að mitti. Neðri brún mittisbeltisins ætti að vera lengst niðri og sett næst líkamanum með handleggi sjúklingsins utan við vestið og mittisbeltið.

Krossaðu lykkjuólarnar og þræddu í gegnum D-hringina á móthliðunum. Sjá lýsingu á öðrum festingaraðferðum á síðu 7.

Togaðu í ólarnar til að athuga strekkinguna. Breyttu þræðingunni á lykkjuólunum ef mittisbeltið herðist ekki nógu mikið.



Ákvarðaðu hverjum af lykkjunum ætti að krækja við lyftarann með því að toga (beint áfram) samtímis í ytri vestisólarnar og lykkjuólarnar (sjá skýringarmynd af lykkjuólum á síðu 5: Lykkjuólar).

Reyndu að ná besta aðhaldi utan um kviðinn með því að nota uppstillinguna sem auðveldar jafna strekkingu á vestisólunum og lykkjuólunum þegar þær herðast á meðan sjúklingurinn stendur. Staðsettu Sabina úr setu-í-stöðu lyftarann og stilltu breidd undirstöðunnar þannig að hægt sé að koma fótum sjúklingsins fyrir á miðjum fótскеmlinum. Fætur (fyrir neðan hné) ættu að vera samhliða púða fyrir fótleggja á lyftaranum. Stilltu lárétta og lóðrétta stöðu púðans fyrir þægilega mótstöðu rétt fyrir neðan hnéskeljarnar. Festu við og hertu ólina utan um fótleggina.

Nú ertu tilbúin(n) til að festa lykkjuólarnar og vestisólarnar (sem þú hefur prófað í samræmi við ofangreint) við herðatréd.

Lyfting: Færðu lyftarann með því að ýta á upp- eða niður-hnappana (tveir hraðar mögulegir). Ef hægt er ætti sjúklingurinn að taka þátt með því að taka í herðatréd og toga sig upp.

Ábending! Við mælum með að sjúklingurinn halli sér svolítið aftur til að vega upp á móti veikum vöðvum í neðri hluta líkamans. Þetta hjálpar sjúklingnum að standa, eykur þægindi og kemur í veg fyrir að vestið renni upp á við.

Ábending! Mundu að lyftingarferlið er auðveldara ef sjúklingurinn situr tiltölulega hátt, þ.e. með mjaðmarliðinn á sama, eða að einhverju leyti hærra stigi en hnén.

Hversu hátt ætti að lyfta sjúklingnum?


Hæðina sem sjúklingi er lyft ætti að ákveða frá tilfelli til tilfellis.

Hægt er að stilla hámarksuppistöðuhæð sem hér segir.

A Stilltu Sabina úr setu-í-stöðu lyftaraundirstöðuna fyrir lyftihæðina. Sjá notkunarleiðbeiningar fyrir Sabina úr setu-í-stöðu lyftarann.


B Veldu annaðhvort innri eða ytri ól á ytra vestinu. Sjá blaðsíðu 5: Ólar ytra vestis.

Mismunandi valkostir um þræðingu lykkjuólar




Alt. A: Fyrir mjög granna sjúklinga

Fjarlægðu lykkjuólar úr innri ólarstýringunum áður en þú þræðir þær gegnum D-málmhringina. Þetta auðveldar þéttasta aðhaldið.



Alt. B: Fyrir sjúklinga í meðalþyngd

Fjarlægðu aðeins eina af lykkjuólunum úr innri ólarstýringunni. Krossleggðu síðan lykkjuólar og þræddu þær gegnum D-málmhringina.



Alt. C: Fyrir stóra sjúklinga

Þræddu lykkjuólunum gegnum bæði innri og ytri ólarstýringarnar áður en þú þræðir þeim gegnum D-málmhringina.

Ábending!

Til að auka frekar breiddina er hægt að nota lykkjuólar með Liko-framlengingarlykkjum.


Aukahlutir

Sabina™ SeatStrap

Vörunn. 3591115

Í sumum tilvikum er hægt að nota Seatstrap sætisól til að aðstoða við að lyfta. Sætisólinni er beint niður í átt að neðstu hryggjarliðum eins langt og hægt er. Þetta hjálpar við að lyfta frá rassinum. Þegar búið er að ná uppréttri stöðu er enginn þungi lengur á sætisólinni og hægt er að færa hana til hliðar, t.d. þegar farið er á salernið. Þegar sigið er niður í sitjandi stöðu gæti verið viðeigandi að fjarlægja sætisólina svo að sjúklingurinn geti setið lengra aftur í stólnum.


Þegar sætisólin er notuð verður að tengja sérstakan fylgihlut við lyftarann: SeatStrap SlingBar. Gættu þess að skoða vandlega notkunarleiðbeiningarnar fyrir SeatStrap áður en þú notar hana.




SeatStrap SlingBar

Vörunn. 2027007: Má nota með Sabina II úr-setu-í-stöðu lyftaranum.

Vörunn. 2027006: Má nota með eldri gerðum Sabina úr-setu-í-stöðu lyftara, en má einnig nota með Sabina II úr-setu-í-stöðu lyfturum.



Vörunn. 2027007



Vörunn. 2027006

Fóðring miðlungs (passar við 3593115)

Vörunr. 3691035

Fóðring stór (passar við 3593116)

Vörunr. 3691036

SafetyVest er búið rennilás þannig að hægt er að bæta við fóðri úr gervigæruskinni fyrir mýkri flöt sem dreifir þrýstingi jafnar.



Framlengingarlykkja, græn, 12 cm

Vörunr. 3691102

Framlengingarlykkja, græn 22 cm


Vörunr. 3691103

Framlengingarlykkja, grá, 12 cm

Vörunr. 3691302

Framlengingarlykkja, grá, 22 cm

Vörunr. 3691303



Lykkjuklemmur, gular


Vörunr. 3666035

Lykkjuklemmur, bláar


Vörunr. 3666036

Þessi gagnlegi fylgihlutur er notaður til að merkja lykkjurnar sem hafa verið prófaðar fyrir ákveðna manneskju. Það auðveldar umönnunaraðilunum að velja rétta lykkju til að hengja við herðatréd.

Einnig er hægt að fá lykkjuklemmurnar í öðrum litum.



Yfirlit Liko™ SafetyVest™ gerð 93



Lýsing	Vörunr.	Stærð	Líkamsþyngd ¹	Hám. byrði ²	Breidd vestis
Liko SafetyVest	3593115	Miðlungs	< 80 kg	200 kg	A: 90 cm
Liko SafetyVest	3593116	Stórt	> 70 kg	200 kg	A: 105 cm

¹Uppgefin þyngd sjúklings er aðeins til viðmiðunar – það kunna að vera frávik.

² Til að halda hámarksbyrði er þörf á lyftara/fylgihlutum sem ætlaðir eru fyrir sömu byrði eða meiri.

Efni: SafetyVest er fánlegt úr pólýester.

Heilræði þegar stærð er valin

Netklæddi vestishlutinn ætti að ná almennilega utan um bakið og undir handleggina.

Ef vestið er of stórt er hættu á að sjúklingurinn geti ekki gripið í herðatréd.

Samsetningar

SafetyVest er aðeins ætlað til notkunar með Liko Sabina™ úr-setu-í-stöðu lyftara. Við mælum með að nota SafetyVest með Sabina 350 Slingbar á Sabina™ úr-setu-í-stöðu lyftaranum.

Samsetning fylgihluta/vara annarra en þeirra sem Liko ráðleggur getur leitt til öryggisáhættu fyrir sjúklinginn.



www.hillrom.com

Liko AB
Nedre vägen 100
975 92 Luleå, Sviþjóð
+46 (0)920 474700

Liko AB is a subsidiary of Hill-Rom Holdings Inc.

Enhancing outcomes for
patients and their caregivers:

Hill-Rom